

Nd.

633. Nefndarálit

[222. mál]

við frv. til l. um Leiklistarskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál ítarlega og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem prentaðar verða á sérstöku þingskjali.

Efnisbreytingar eru m. a., að skýrar yrði kveðið á um hlutverk skólans en frv. mælir um. Þá er sú breyting lögð til, að heimilt sé að reka undirbúningsdeildir utan Reykjavíkur í tengslum við skólann og að starfrækja „nemendaleikhús“ á vegum hans. Nemendaleikhús í þessu sambandi merkir að sjálfsögðu ekki nýtt leikhús í venjulegri merkingu orðsins, heldur sjálfstæðar leiksýningar nemenda, uppfærslu leikverka á þeirra vegum sem þátt í menntun þeirra og þjálfun til leiklistarstarfa.

Nefndin leggur til, að skólastjóri verði ráðinn til 4 ára í senn, en ekki ævilangt, og eins, að skýrt sé kveðið á um það, að kennarar séu ráðnir að skólanum í samráði við skólanefnd. Jafnframt leggur nefndin til, að notað verði orðið „kennarar“ í stað orðsins „stundakennarar“. Þykir eigi ástæða til að lögfesta, að ekki megi aðrir starfa við skólann en stundakennarar.

Nefndin leggur einnig til að í skólanefnd verði bætt 2 fulltrúum, þ. e. frá Leikfélagi Akureyrar og kennurum skólans. Þykir eðlilegt, að Leikfélag Akureyrar, sem rekur fast leikhús, eigi aðild að skólanefnd, svo og að kennarar skólans eigi þar fulltrúa til jafns við nemendur.

Nefndin leggur til, að ákvæði til bráðabirgða verði breytt verulega að efni og orðalagi. Ákvæði þetta fjallar um rétt nemenda núverandi leiklistarskóla, þ. e. Leiklistarskóla leikfélaganna og Leiklistarskóla Samtaka áhugamanna um leiklist (SÁL). Menntamálanefnd telur, eftir að hafa kynnt sér störf þessara skóla, að virða beri framtak þeirra og námsáhuga nemenda þeirra og tryggja að þeir geti haldið áfram námi í væntanlegum Leiklistarskóla ríkisins, þannig að tekið verði tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið, og þess, hvort hann hefur staðist hæfnismat í skóla sínum.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér hafa verið nefndar.

Alþingi, 8. maí 1975.

Ingvar Gíslason,
form., frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir,
fundaskr.

Ey. Kon. Jónsson.

Magnús T. Ólafsson.

Svava Jakobsdóttir.
Gunnlaugur Finnsson.

Ellert B. Schram.